

Fundargerð 191. fundar sveitarstjórnar Flóahreppi

Fundarstaður: Þingborg
Fundardagur: Miðvikudagur 13. september 2017
Fundartími: 13:30 –
Fundarmenn: Árni Eiríksson oddviti
Margrét Jónsdóttur
Svanhvít Hermannsdóttir
Sigurbára Rúnarsdóttir
Rósa Matthíasdóttir
Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri

Árni Eiríksson setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Samþykkt að fundargerð verði rituð á tölvu sbr. 23. gr. sveitarstjórnarlaga. Oddviti óskar eftir að bætt verði við fyrsta lið dagskrárinnar skipulagsmál: b lið) Deiliskipulag Sæholt Dalbær, lagfærð tillaga, c lið) deiliskipulag Lækjarbakki 1 og 2 og lið 22. Trúnaðarmál. Eydís Þ. Indriðadóttir sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

Skipulagsmál:

1. a) Fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita nr. 132 dags. 19.04.2017

Gegnishólapartur land 205691: Akurey: Breytt heiti lóðar – 1703052

Lögð fram ný umsókn Guðjóns V. Sigurgeirssonar dags. 31. mars 2017 um breytt heiti á landinu Gegnishólapartur land (lnr. 205691). Er óskað eftir að landið fái að heitið Akurholt, eða til vara Akur.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að landið fái heitið Akurholt.

Sveitarstjórn samþykkir bókun skipulagsnefndar með 5 atkvæðum

b) Deiliskipulag Sæholt Dalbær; lagfærð tillaga

Deiliskipulag fyrir nýtt lögbýli sem kallast Sæholt úr landi Dalbæjar í Flóahreppi. Lögð fram að lokinni kynningu skv. 4. mgr. 40. gr. tillaga að deiliskipulagi fyrir nýtt lögbýli á 25,4 ha svæði úr landi Dalbæjar í Flóahreppi sem gert er ráð fyrir að fái heitið Sæholt. Landið liggur að Gaulverjabæjarvegi nr. 33 norðan við bæjartorfur Vestri- og Eystri-Hellna. Gert er ráð fyrir byggingu íbúðarhúss auk landbúnaðarbygginga. Tillagan var kynnt með auglýsingu sem birtist 31. ágúst og engar athugasemdir hafa borist en fyrir liggja umsagnir Minjastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Vegagerðarinnar.

Sveitarstjórn samþykkir með 5 atkvæðum að auglýsa tillöguna skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

c) Deiliskipulag Lækjarbakki 1 og 2

Deiliskipulag fyrir tvö lögbýli úr landi Lækjarbakka í Flóahreppi.

Lögð fram að lokinni kynningu skv. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga tillaga að deiliskipulagi fyrir tvö ný lögbýli úr landi Lækjarbakka land 1 lnr. 210365.

Skipulagssvæðið nær til um 11,5 ha svæðis sem liggur að Villingaholtsvegi nr. 305 en heildarstærð lögbýlanna tveggja er um 67 ha. Gert er ráð fyrir að á hvoru lögbýli fyrir sig verði heimilt að byggja íbúðarhús, hesthús, skemmu og reiðhöll. Tillagan var kynnt með auglýsingu 31. ágúst og hafa engar athugasemdir eða ábendingar borist. Óskað hefur verið eftir umsögnum Minjastofnunar, Vegagerðarinnar og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands en þær liggja ekki fyrir.

Sveitarstjórn samþykkir með 5 atkvæðum að auglýsa tillöguna skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Bent er á að breyta þarf nafni Vatnsveitu Flóahrepps í texta í 7. grein en þar er hún ranglega nefnd Flóaveita.

2. Fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita nr. 138 dags. 15.08.2017

a) Lækjarbakki 1 og 2: Flóahreppur: Landbúnaðarsvæði: Deiliskipulag – 1705040

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi fyrir lögbýlin Lækjarbakki 1 og 2 í Flóahreppi. Lýsing deiliskipulags var kynnt með auglýsingu dags. 29. júní sl. Engar athugasemdir bárust en fyrir liggur umsögn Skipulagsstofnunar dags. 19. júlí 2017.

Skipulagsnefnd samþykkir að kynna deiliskipulagstillöguna skv. 4. mgr. 40 gr. skipulagslaga auk þess sem skipulagsfulltrúa er falið að leita umsagnar Minjastofnunar, Vegagerðarinnar og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

b) Langholt 1 land 2A lnr. 218349: Landnotkun breytt í verslun- og þjónustu: Aðalskipulagsbreyting – 1703054

Lögð fram að lokinni kynningu lýsing vegna breytingar á aðalskipulagi Flóahrepps fyrir spildu úr landi Langholts. Lýsingin var kynnt með auglýsingu sem birtist 29. júní s.l. og liggur fyrir ein athugasemd auk umsagnar Skipulagsstofnunar. Unnin hafa verið drög að deiliskipulagi fyrir svæðið og er það einnig til umfjöllunar á þessum fundi skipulagsnefndar.

Skipulagsnefnd mælir með að útfærð verði breyting á aðalskipulagi fyrir svæðið í samræmi við fyrirbyggjandi tillögu að deiliskipulagi og hún kynnt skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga og verði deiliskipulagstillagan hluti af kynningargögnum.

Fyrir sveitarstjórnarfundi liggja athugasemdir frá Skipulagsstofnun dags. 21. júlí 2017, athugasemd frá Vigdísí Hauksdóttur og Sævari Hjálmarssyni f.h. sumarbústaðaeigenda í Hallanda frá 5. júlí 2017 og 4. september 2017 og athugasemd frá Sigurði Jenssyni f.h. Jens Árna Ingimundarsonar eiganda lóðar á Hallandaengjum. dags. 7. september 2017. Í ljósi athugasemda og markmiða sveitarstjórnar um að halda dreifbýlisfirbragði í sveitarfélaginu þá hafnar sveitarstjórn því að vinnu við breytingu á aðalskipulagi verði haldið áfram í óbreyttri mynd.

Afgreiðsla sveitarstjórnar samþykkt með 5 atkvæðum.

c) Langholt 1 land 2A lnr. 218349: Krúholt 1 -11: Deiliskipulag – 1708026

Lögð fram umsókn Eflu verkfræðistofu dags. 24. júlí 2017 um deiliskipulag fyrir lóðina Langholt 1 land 2A. Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir að skipta landinu í 10 lóðir sem eru um 1 ha að stærð þar sem heimilt er að byggja íbúðarhús til útleigu. Ferli við breytingu á aðalskipulagi svæðisins er í vinnslu.

Skipulagsnefnd samþykkir að fela skipulagsfulltrúa að leita umsagnar Væðurstofu Íslands, Minjastofnunar Íslands, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Vegagerðarinnar. Þá er mælt með að deiliskipulagstillagan verði kynnt skv. 4 mgr. 40 gr. skipulagslaga, samhliða, breytingu á aðalskipulagi svæðisins, áður en endanleg tillaga er samþykkt til auglýsingar.

Í ljósi athugasemda og markmiða sveitarstjórnar um dreifbýlisfirbragð er umsókninni hafnað.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

d) Ölvisholt 207869: Kúlutjöld og þjónustusvæði: Deiliskipulag – 1708024

Lögð fram umsókn Höllu Kjartansdóttur dags. 18. júlí 2017 þar sem lögð er fram tillaga að deiliskipulagi tjaldstæðis fyrir kúlutjöld ásamt hreinlætis- og þjónustuaðstöðu á spildu úr landi Ölvisholts. (lnr. 2007869)

Að mati skipulagsnefndar samræmist það ákvæðum aðalskipulags að byggja upp takmarkaða gistipjónustu á svæðinu. Aftur á móti telur nefndin að það þurfi að koma fram hversu mörg kúlutjöld er fyrirhugað að setja upp á svæðinu auk þess sem afmarka

þurfi byggingarreiti fyrir salerni. Þá þarf einnig að gera betur grein fyrir mannvirkjum eins og pöllum o.fl. Afgreiðslu frestað þar til lagfærð gögn liggja fyrir.

Ekki liggur fyrir hvort Brunavarnir og heilbrigðiseftirlit samþykkja þetta fyrirkomulag á gistipjónustu. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins þar til fyrir liggur hvort mannvirkin sem áætlað er að nýta uppfylla skilyrði til skráningar í fasteignaskrá og standast lög og reglugerðir.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

e) Ölvisholt 207869: Kúlutjöld: Verslun og þjónustusvæði: Aðalskipulagsbreyting – 1708023

Lögð fram umsókn Höllu Kjartansdóttur dags. 18. júlí 2017 þar sem óskað er eftir að aðalskipulagi fyrir svæði úr landi Ölvisholts verði beytt úr landbúnaðarsvæði í verslun- og þjónustu.

Sveitarstjórn vísar í bókun í lið 2. d) hér á undan.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

f) Grænhólar lóð 1 lnr. 218185: Íbúðarhús, skemma og gistihús: Lögbyli: Deiliskipulag 1708017

Lögð fram umsókn eigenda spildunnar Grænhólar lóð 1 lnr. 218185 dags. 14. júlí 2017 þar sem óskað er eftir samþykkt á deiliskipulagi landsins sem er 9,8 ha. Gert er ráð fyrir að landinu verði breytt í lögbyli með heitið Grænhólar 1. Fyrir liggur bréf frá Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu dags. 4. maí 2017 þar sem ekki er gerð athugasemd við stofnun lögbylis. Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir að á landinu verði heimilt að byggja 200 fm íbúðarhús, 400 fm skemmu og allt að 6 gistihús að hámarki 30 fm.

Að mati skipulagsnefndar samræmist það ekki gildandi aðalskipulagi að gera ráð fyrir 6 útleiguhúsum á landinu. Skipulagsfulltrúa falið að ræða við umsækjendur um framhald málsins.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

g) Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 17 – 58 – 1706005F

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 5. júní 2017

h) Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 17 – 59 – 1707002F

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 19. júní 2017

3. Fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita nr. 139 dags. 31.08.2017

a) Ölvisholt 207869: Kúlutjöld og þjónustusvæði: Deiliskipulag - 1708024

Lögð fram lagfærð tillaga að deiliskipulagi tjaldstæðis fyrir kúlutjöld ásamt hreinlætis- og þjónustuaðstöðu á spildu úr landi Ölvisholts (lnr. 207869).

Í ljósi umfangs uppbyggingarinnar telur skipulagsnefnd að forsenda deiliskipulagsins sé að svæði verði afmarkað sem svæði fyrir verslun- og þjónustu í aðalskipulagi. Afgreiðslu frestað þar til fyrir liggur niðurstaða sveitarstjórnar varðandi landnotkun í aðalskipulagi.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

b) Litla Ármót: Umsókn um byggingarleyfi: Fjós – 1708041

Lögð fram umsókn um byggingarleyfi fyrir nýju fjósi í landi Litla-Ármóts í Flóahreppi. Húsið verður byggt rúmum 100 m í N-V frá núverandi fjósbyggingu og verður grunnflötur 1.450 fm að grunnfleti og í heild 2.395 fm.

Með vísun í 44. gr. skipulagslaga gerir skipulagsnefnd ekki athugasemd við umsóknina með fyrirvara um umsögn Minjastofnunar Íslands. Ekki er talin þörf á grenndarkynningu.

Sveitarstjórn samþykkir bókun skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

c) Hólmasel 2 lnr. 225221: Deiliskipulag: Fyrirspurn – 1708068

Lögð fram fyrirspurn Eflu verkfræðistofu dags. 25. ágúst 2017, f.h. landeigenda Hólmasels 2 (lnr. 225221), um heimild til að hefja vinnu við gerð deiliskipulags á

14,4 ha lands fyrir 4 sumarhúsalóðir, 350 fm íbúðarhús og 2.500 fm hesthús og reiðskemmu. Gert er ráð fyrir nýrri aðkeyrslu frá Villingaholtsvegi. Umrætt svæði er í gildandi aðalskipulagi skilgreint sem landbúnaðarsvæði.

Að mati skipulagsnefndar samræmist það ekki aðalskipulagi að gera ráð fyrir fjórum frístundahúsum á svæðinu. Er því ekki samþykkt að farið verði í vinnu við deiliskipulag svæðisins í samræmi við fyrirbyggjandi fyrirspurn.

Sveitarstjórn samþykkir bókun skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

d) Afgreiðslur byggingarfulltrúa 17 – 60 – 1708001F

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 2017

e) Afgreiðslur byggingarfulltrúa 17 – 61 – 1708003F

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 2017

4. Bitra þjónustumiðstöð – ósk um leyfi fyrir byggingar á gistiaðstöðu

Lögð fram ósk eigenda byggingarreitsins Bitra þjónustumiðstöð matshluti 235-8462 landnúmer 223928 um leyfi til byggingar 1.000 fm gistiaðstöðu/starfsmannaaðstöðu á reitnum. Sveitarstjórn hafnar erindinu. Æskilegra er að starfsmönnum séu boðin búseta á íbúðarsvæðum. Bent er á að í sveitarfélaginu eru skipulagðar yfir 400 lóðir fyrir íbúðarhúsnæði sem ennþá eru óbyggðar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

5. Erindi frá fræðslunefndarfundi nr. 102, dags. 22.08.2017

a) Skólalóð Flóaskóla – viðhald og endurbætur

Fræðslunefnd óskar eftir því að sveitarstjórn hafi forgöngu um að hafin verði vinna við endurskipulag skólalóðar Flóaskóla. Einnig bendir fræðslunefnd á að ekki sé skynsamlegt að hluti skólalóðar sé notaður í útleigu með tjaldsvæði Þjósárvers.

Sveitarstjórn tekur það til alvarlegrar skoðunar hvort reka eigi tjaldsvæðið við Þjósárver. Sveitarstjórn felur starfsmönnum á fasteigansviði að fara yfir leiktæki og lagfæra eftir því sem hægt er. Ákvörðun um endurnýjun sparkvallar er vísað til fjárhagsáætlunargerðar. Sveitarstjóra falið að kalla saman fund með formanni fræðslunefndar, skólastjóra og skipulagsfulltrúa til þess að fara yfir lóðamál og skipulag á svæðinu við Þjósárver og Flóaskóla.

b) Aukning á stöðugildi ritara í Flóaskóla

Óskað er eftir því að aukið verði við stöðugildi ritara Flóaskóla um 30 %

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) Ókeypis námsgögn

Lögð fram beiðni um að öll námsgögn nemenda við skólann verði afhent endurgjaldslaust. Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og samþykkir að fella niður þá vinnureglu sem hefur verið í gildi um árabíl þar sem innheimt hefur verið efnisgjald vegna vinnubóka fyrir 1. – 4. bekk og verða þær því afhentar endurgjaldslaust fyrir skólaárið 2017 – 2018. Ákvörðun um annan efniskostnað nemenda Flóaskóla vísað til fjárhagsáætlunargerðar fyrir árið 2018 -2021. Sveitarstjóra falið að afla gagna varðandi kostnað.

Samþykkt með 5 atkvæðum

6. Starfsmannahald í Flóaskóla – minnisblað frá ráðgjafa

Lagt fram minnisblað ráðgjafa Skólastofunnar ehf, Ingvars Sigurgeirssonar um starfsmannahald í Flóaskóla. Til grundvallar liggur samanburður á 7 skólum að svipaðri stærð. Í minnisblaðinu kemur fram að starfsmannahald hafi verið með sambærilegum hætti og í samanburðarskólunum, að undanskildu háu hlutfalli stöðugilda tengdu stjórnun. Kostnaður pr. nemanda er með því hæsta í Flóahreppi. Ekki hefur farið fram greining eða samanburður á hlutfalli sérkennslu eða annarra stuðningsúrræða í Flóaskóla eða samanburðarskólum. Minnisblaðinu vísað til fræðslunefndar til umfjöllunar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

7. Fyrirspurnir til sveitarstjórnar varðandi starfslokasamning

Sigurðara Rúnarsdóttir víkur af fundi við afgreiðslu málsins.

- a) Lagt fram erindi frá Árna Hrólfssyni þar sem óskað er eftir upplýsingum um það hvort sveitarstjórn hafi gert starfslokasamning við fyrrverandi skólastjóra Flóaskóla og um innihald hans.

Flóahreppur og Anna Greta Ólafsdóttir hafa gert með sér samkomulag varðandi starfslok hennar hjá sveitarfélaginu. Og telst málinu þar með lokið.

Sveitarstjóra falið að senda fyrirspyrjanda upplýsingar varðandi samkomulagið að svo miklu leyti sem lög leyfa.

Samþykkt með 4 atkvæðum.

Bókun Svanhvítar Hermannsdóttur og Rósu Matthíasdóttur.

Áhöld eru um hvort umrætt samkomulag sé trúnaðarmál. Til að fá úr því skorið er æskilegt að fyrirspyrjandi fari með málið til úrskurðarnefndar um upplýsingamál eins og fyrirspyrjanda er réttilega bent á.

- b) Lagt fram eftirfarandi erindi:

„Óskað er eftir því að þetta erindi verði tekið fyrir á næsta fundi sveitarstjórnar Flóahrepps þann 13. sept. nk. Einnig er óskað eftir því að erindið verði bókað í heild sinni í fundargerð sveitarstjórnar.

Við undirrituð óskum eftir því við sveitarstjórn Flóahrepps að við og aðrir íbúar Flóahrepps verði upplýstir um það hvað það hefur kostað sveitarfélagið sá gjörningur að segja Önnu Gretu Ólafsdóttur skólastjóra Flóaskóla upp störfum 27. apríl s.l. Við óskum eftir því að allur kostnaður komi fram þar með talin sú greiðsla sem Anna Greta Ólafsdóttir fékk fyrir að fara ekki í mál við sveitarfélagið, lögfræðikostnaður, samingur við Ingvar Sigurgeirsson ráðgjafa auka fundarseta sveitarstjórnarmanna og fleira ef eitthvað er.

Við undirrituð óskum jafnframt eftir því að Anna Greta Ólafsdóttir verði hreinsuð af þeim ásökunum að hún hafi brotið af sér í starfi sem skólastjóri Flóaskóla.“

Erna Jóhannesdóttir Heiðargarði

Elías Þráinsson Heiðargarði

Alda Stefánsdóttir Syðri Gróf

Bjarni Pálsson Syðri Gróf

Iðunn Óskarsdóttir Þingborg

Hafsteinn Hafliðason Þingborg

Birgir Engilbertsson Langholti 1

Agnes Harpa Hreggviðsdóttir Langholti 1

Hjördís Helgadóttir Langholti 1

Hreggviður Hermannsson Langholti 1

Viðja Hreggviðsdóttir Langholti 1

Elisabet Thorsteinsson Syðri Gróf

Axel Páll Einarsson Syðri Gróf

Ólafur Lárusson Egilsstöðum 1

Páll Óskarsson Króki

Flóahreppur og Anna Greta Ólafsdóttir hafa gert með sér samkomulag varðandi starfslok hennar hjá sveitarfélaginu sem unninn var af lögmönnum beggja aðila og báðir málsaðilar sættust á að örðum kosti hefði hann ekki verið undirritaður. Og telst málinu þar með lokið.

Sveitarstjóra falið að senda bréfríturum upplýsingar um kostnað sveitarfélagsins í tengslum við uppsögn og starfslokasamkomulag Önnu Gretu Ólafsdóttur að svo miklu leyti sem lög leyfa.

Sveitarstjórn ítrekar það sem áður hefur komið fram að ástæður uppsagnar koma fram í uppsagnarbréfi til viðkomandi starfsmanns. Efni þess er trúnaðarmál, sbr. 4. mgr. 28. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Samþykkt með 4 atkvæðum.

Bókun Svanhvítar Hermannsdóttur og Rósu Matthíasdóttur.

Áhöld eru um hvort umrætt samkomulag um starfslok sé trúnaðarmál. Til að fá úr því skorið er æskilegt að fyrirspyrjendur fari með málið til úrskurðarnefndar um upplýsingamál eins og fyrirspyrjendum er réttilega bent á.

8. RK - Rammasamningur frestað mál

Sveitarstjórn Flóahrepps hafnar aðild að rammasamningi ríkiskaupa að svo stöddu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

9. Ársþing/ Samtaka Sunnlenskra sveitarfélaga – kjörbréf

Ársþing Samtaka Sunnlenskra sveitarfélaga verður haldið dagana 19. og 20. október á Selfossi. Sveitarstjórn Flóahrepps tilnefnir eftirtalda aðila til þess að sækja þingið og Aðalfund Heilbrigðiseftirlits Suðurlands:

Árni Eiríksson, Margrét Jónsdóttir og Svanhvít Hermannsdóttir.

Árni Eiríksson verður fulltrúi Flóahrepps á aðalfundi Sorpstöðvar Suðurlands. Sveitarstjóra falið að senda kjörbréfin.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

10. Erindi frá félagi sauðfjárbænda í Árnassýslu

Lagt fram erindi frá félagi sauðfjárbænda í Árnassýslu vegna tímabundinna erfiðleika greinarinnar. Sveitarstjórn hefur sent stuðningsyfirlýsingu við sauðfjárbændur, á sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og þingmenn Suðurlands.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

11. Ósk um nafn á lögbýli í landi Hróarsholts

Óskað er eftir því að lögbýli með landnúmerið 192451 fái nafnið Hróarsholt.

Sveitarstjórn samþykkir erindið með 5 atkvæðum með fyrirvara um að ekki komi athugasemdir frá skipulagsfulltrúa.

12. Erindi frá Svanhvít Hermannsdóttur – stöðuleyfi, vinnureglur

Erindinu vísað til byggingarfulltrúa Uppsveita til frekari úrvinnslu. Óskað er eftir skriflegu svari.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

13. Erindi frá Anný Ingimarsdóttur vegna gjaldskrár fyrir Krakkaborg

Lagt fram erindi frá Anný Ingimarsdóttur þar sem óskað er eftir því að sveitarstjórn endurskoði þá setningu í gjaldskránni að einungis sé veittur einn afsláttur og sá hæsti gildi. Sveitarstjórn bendir á og telur mikilvægt að það komi fram að forgangsgjald sé alltaf í gildi ef það á við og skerði ekki systkinaafslátt. Ef foreldrar hafa verið rúkaðir um of háa upphæð þá verður það að sjálfsgöðu endurgreitt.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

14. Hjúkrunarrými í Árnassýslu – staða mála þörf á úrbótum.

Oddviti upplýsti um stöðu hjúkrunarrýma á Suðurlandi. Ekki er útlit fyrir að nýtt hjúkrunarheimili verði tilbúið til notkunar fyrr en árið 2020. Rýmin á nýja hjúkrunarheimilinu verða 50. Samtals lögðust af 35 rými með lokun heimilanna á Kumbaravogi og Blesastöðum. Fjölgun nemur því aðeins 15 rýmum, og er það engan veginn nægjanlegt miðað við þróun mannfjölda og aldursamsetningu á svæðinu. Sveitarstjórn Flóahrepps lýsir þungum áhyggjum af skorti á hjúkrunarrýmum á Árnassýslu. Það hljóti að teljast með öllu óviðunandi að senda þurfi íbúa svæðisins í mörgum tilfellum um langan veg til vistar á hjúkrunarheimilum. Sveitarstjórn hvetur til þess að lögð verði áhersla á að flýta uppbyggingu hjúkrunarrýma í héraðinu og fjölga þeim meira en sem nemur áður nefndum fjölda.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

15. Erindi frá Jóni M. Ívarssyni f.h. Flóamannabókar – uppskeruhátíð 21. október

Lagt fram erindi frá Jóni M. Ívarssyni þar sem óskað er eftir styrk á móti húsaleigu í Þingborg vegna Uppskeruhátíðar í Þingborg 21. október 2017.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

16. Erindi frá Rósu Matthíasdóttur

a) Upplýsingaskilti við Flóðgátt

Lagt fram erindi frá Rósu Matthíasdóttur þar sem óskað er eftir að gerðar verði viðeigandi lagfæringar á skemmdum á upplýsingarskilti við Flóðgátt Flóaáveitu.

Vísað til atvinnu- og umhverfisnefndar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Átak í umhverfismálum

Lagt fram erindi frá Rósu Matthíasdóttur þar sem bent er á þörfina fyrir að sveitungar og aðrir sem eiga eignir á svæðinu séu meðvitaðir um ábyrgð sína á góðri ímynd svæðisins hvað varðar umgengni og umhverfismál. Minnt er á að Flóahreppur hefur að markmiði að vera til fyrirmyndar hvað varðar flokkun sorps.

Vísað til atvinnu- og umhverfisnefndar Flóahrepps.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

17. Ljósleiðarakerfi í Flóahreppi næstu skref

Sveitarstjórn Flóahrepps ákveður að fara í lagningu ljósleiðarakerfis um sveitarfélagið. Tæknisviði Uppsveita falið að vinna að undirbúningi styrkumsóknar til fjarskiptasjóðs vegna lagningar ljósleiðara. Sveitarstjóra falið að setja tengil á heimasíðu sveitarfélagsins þar sem upplýsingum um stöðu verkefnisins er miðlað á íbúa.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

18. Fundargerðir:

a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 190, dags. 15.08.2017

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

b) Fræðslunefndar Flóahrepps nr. 102, dags. 22.08.2017

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

c) Nos dags. 04.09.2017

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

d) Stjórnar byggðasamlagsins Bergrisans bs. nr. 26, dags. 22.06.2017

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

e) Stjórnar byggðasamlagsins Bergrisans bs. nr. 27, dags. 16.08.2017

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

f) Starfshóps um kosti og galla sameiningar sveitarfélaga dags. 23.08.2017

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

g) Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 852, dags. 01.09.2017

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

19. Efni til kynningar:

a) Frá Náttúrufræðistofnun Íslands - Mikilvæg fuglasvæði á Íslandi

20. Næsti fundur sveitarstjórnar

Næsti fundur sveitarstjórnar Flóahrepps verður haldinn miðvikudaginn 11. október klukkan 16:30.

21. Trúnaðarmál:

Trúnaðarmál fellt niður.

Árni Eiríksson (sign)

Sigurbára Rúnarsdóttir (sign)

Rósa Matthíasdóttir (sign)

Margrét Jónsdóttur (sign)

Eydís Þ. Indriðadóttir (sign)

Svanhvít Hermannsdóttir (sign)